

AUGLÝSING

um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Lækjarhlíð 1A, Íþróttamiðstöðin Lækjarhlíð.

Breytingin felst í að lóðin og byggingarreitur hennar eru stækkuð til vesturs, S-3V, vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við íþróttamiðstöðina. Lóðin stækkar um 559 m². Fyrirhugað byggingarmagn viðbyggingar verður að hámarki 1.000 m² í kjallara og jarðhæð.

Íþróttasvæði við Varmá – knatthús.

Breytingin felst í að á reit D verður leyfilegt að byggja fjölnota knatthús. Reitamörk D færast um 3 metra í átt að reit E. Svæði milli reita D og E breiðkar um 8 metra. Gönguleiðum er hliðrað til, reitur E minnkar um 2 metra. Byggingarreitur á reit D (b12) verður stækkaður, en reiturinn liggur að byggingarreitum b6, b8 og b10.

Ofangreindar breytingar hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 5. apríl 2018,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2018